

# **Frumvarp til laga**

## **um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála, lögum um aðför og lögum um dómstóla**

### **Þskj. 1049 – 605. mál**

#### **Almennar athugasemdir**

Með frumvarpinu er leitast við að auka skilvirkni í réttarfari samhliða því sem gerðar eru nokkrar tillögur um breytingar sem horfa til lagfæringar og samræmingar. Dómarafélag Íslands hefur hvatt til endurskoðunar með þetta markmið að leiðarljósi, sbr. einkum málfund félagsins 19. febrúar 2014 („Skilvirkni við meðferð einkamála – Er úrbóta þörf?“) og byggist frumvarpið öðrum þræði á hugmyndum sem komið hafa fram við samráð réttarfarsnefndar við félagið. Stjórn Dómarafélag Íslands lýsir sig því fylgjandi því markmiði sem að er stefnt með frumvarpinu svo og meginefni þess. Rétt er að taka fram að Dómarafélag Íslands gaf innanríkisráðuneytinu umsögn um drög að frumvarpinu 13. október sl. þar sem jafnframt komu fram viðhorf einstakra dómara til málsins. Sú umsögn er allsherjarnefnd til reiðu ef óskað er.

Það athugast að í þeim drögum að frumvarpi sem félagið hefur áður gert athugasemdir við var ekki að finna ákvæði sem snúa að svokallaðri endurupptökunefnd, sbr. lög nr. 15/2013 sem breyttu lögum nr. 15/1998 um dómstóla. Líkt og fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar gerir stjórn Dómarafélagsins fyrirvara við þau ákvæði frumvarpsins sem snúa að endurupptöku mála og fela það í sér að ákvörðun um þetta efni er tekin undan úrskurðarvaldi dómstóla og fengin í hendur stjórnarsýslunefnd, að því er virðist til endanlegrar ákvörðunar eða fullnaðarúrskurðar. Að mati stjórnarinnar er síður en svo sjálfgefið hvort þetta fyrirkomulag stenst kröfur 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins nr. 33/1944, sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. samnefnd lög nr. 62/1994. Að mati stjórnarinnar er hér hins vegar um að ræða mál sem verður að taka til sérstakrar skoðunar. Stjórn Dómarafélagsins lætur því við það sitja að vekja athygli allsherjarnefndar Alþingis á nauðsyn þess að heildarendurskoðun fari fram á fyrirkomulagi við endurupptöku mála.

#### **Athugasemdir við einstakar greinar frv.**

##### Um 1. gr. (4. gr. EML)

Reglur um sérfróða meðdómsmenn þarfnast frekari endurskoðunar (sjá einkum Skúla Magnússon, „Er þörf á á breytingum á reglum um sérfróða meðdómsmenn?“ Guðrúnarbók – Afmælisrit Guðrúnar Erlendsdóttur, Reykjavík 2006, bls. 447, og skýrslu GRECO um Ísland frá 2013). Töluverð lagfæring myndi felast í því að héraðsdómari fái samþykki dómstólaráðs (eða hugsanlega forstöðumanns dómstóls) fyrir skipun tiltekinna sérfróðra meðdómsmanna. Hugsanlega er þó eðlilegt að huga að breytingum sem þessum í sérstöku ferli líkt og ætla má

að sé viðhorf frumvarpshöfunda. Núverandi heimild til að kalla aðeins til einn sérfróðan meðdómsmann ásamt embættisdómara er einnig óþarflega þröng og mætti rýmka þegar í stað þannig að hún yrði háð sömu skilyrðum og fram koma í núgildandi 2. mgr. 2. gr. án sérstakra vandkvæða.

#### Um 2. gr. (14. gr. EML)

Í ákvæði núgildandi 2. mgr. 14. gr. EML skortir heimild til að afhenda endurrit málskjala þannig að úr þeim séu afmáð atriði sem eðlilegt er að leynt fari, en ákvæðið er bundið við endurrit úr þingbókum og dómabókum. Ástæða væri til að huga að þessu atriði.

Samkvæmt 3. gr. frv. er dómstólaráði ætlað að setja reglur um aðgang að dómum og úr þingbók, svo og framlögðum skjölum, þ.m.t. brottnámi úr þeim, sbr. ráðagerð um f-lið 15. gr. EML. Þessi heimild dómstólaráðs rekst hins vegar á við afdráttarlaus fyrir mæli 14. gr. EML. Spurningar hljóta því að vakna um heimildir dómstólaráðs, t.d. þegar um er að ræða afhendingu skjala til aðila sem ekki njóta lögvarinnar hagsmuna, sbr. einkum fjölmiðla og fræðimenn. Hér sýnist nauðsynlegt að orða 1. mgr. 14. gr. EML með sveigjanlegri hætti og taka mið af því að dómstólaráð geti sett um þetta efni nánari reglur.

#### Um 3. gr. (15. gr. EML)

Ekki er að fullu ljóst hvernig heimild dómstólaráðs samkvæmt f-lið fer saman við ákvæði 14. gr. EML sem eru að meginstefnu óbreytt. Hins vegar sýnist eðlilegt að fela dómstólaráði ákveðið samræmingarhlutverk varðandi aðgang að skjölum, sbr. 1. mgr. 14. gr. EML, en í því tilviki þarf að orða 1. mgr. 14. gr. EML með sveigjanlegri hætti og gera ráð fyrir því að dómstólaráð geti sett um þetta efni nánari reglur.

#### Um 4. gr. (31. gr. EML)

Ákvæðið felur í sér réttarbót sem getur gert dómara kleift að einfalda mál og þannig stuðla að skilvirkni og hagkvæmni við rekstur mála. Stjórnin telur hins vegar að hér eigi að vera um úrskurð dómara að ræða sem yrði kæránlegur til Hæstaréttar. Helgast þetta af því að ef ákvörðun héraðsdómara um að skipta sakarefni máls er talin ólögæt af Hæstarétti kann það að leiða til ómerkingar héraðsdóms. Það athugast að nauðsynlegt yrði að breyta 143. gr. EML ef úrskurður héraðsdómara um þetta efni ætti að vera kæránlegur til æðri dómstóls.

#### Um 5. gr. (63. gr. EML)

Engar athugasemdir.

#### Um 6. gr. (65. gr. EML)

Engar athugasemdir.

#### Um 7. gr. (99. gr. EML)

Ákvæðið er til þess fallið að auka skilvirkni og koma í veg fyrir óþarfa kostnað.

#### Um 8. gr. (112. gr. EML)

Breytingin yrði til þess fallin að auka skilvirkni við málsmeðferð og er því jákvæð.

Um 9. gr. (113. gr. EML)

Breytingin yrði til þess fallin að auka skilvirkni við málsmeðferð og er því jákvæð.

Um 10. gr. (114. gr. EML)

Hætt er við því að það markmið að stytta dóma náist aðeins að óverulegu leyti með því orðalagi sem hér um ræðir enda ræðir gildandi regla þegar um „helstu“ málsástæður og lagarök sem byggt er á. Mun skilvirkari leið væri að gera dómara kleift að leggja ábyrgðina á lýsingu málsástæðna á aðilana sjálfa í ríkara mæli. Hafa ber í huga að samkvæmt 1. mgr. 103. gr. laganna getur dómari óskað eftir því að aðilar leggi fram „talningu málsástæðna við aðalmeðferð“. Við f-lið 1. mgr. 114. gr. gæti því best eftirfarandi setning: „*eða þá upptalningu málsástæðna sem aðilar hafa lagt fram við upphaf aðalmeðferðar að ósk dómara*“. Ákvæðið í heild sinni myndi þá kveða á um *að í forsendum dóms skuli greina „helstu málsástæður aðila og réttarheimildir sem þeir byggja eða þá upptalningu málsástæðna sem aðilar hafa lagt fram við upphaf aðalmeðferðar að ósk dómara.*“

Um 11. gr. (115. gr. EML)

Engar athugasemdir.

Um 12. gr. (137. gr. EML)

Gerð er athugasemd við það að ákvörðun um endurupptöku samkvæmt 5. mgr. 137. gr. EML skuli tekin undan úrskurðarvaldi dómstóla og falin stjórnýslunefnd til fullnaðarúrskurðar að því er virðist. Líkt og fram kemur í almennum athugasemdum er hér hins vegar um að ræða anga af stærra máli sem þarfnast heildarendurskoðunar.

Um 13.-16. gr. (147.-149. gr. EML)

Engar athugasemdir.

Um 17. gr. (5. gr. SML)

Engar athugasemdir.

Um 18. gr.

Engar athugasemdir.

Um 19. gr.

Sama athugasemd og við 2. gr. frv.

Um 20. – 33. gr.

Engar athugasemdir.

Um 34. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir því að við birtingu dóma í sakamálum sé nafn ákærða birt, sé hann sakfelldur, nema hann sé barn. Í núverandi reglum dómstólaráðs er gerð undantekning frá þessu ef birting nafns ákærða telst andstæð hagsmunum brotþola. Ástæða er til að sambærilegan sveigjanleika sé að finna í ákvæði frv.

Um 36. gr.

Ástæða kann að vera til að huga að lagaskilum vegna breyttra reglna um kærur til Hæstaréttar svo og breyttra reglna um birtingu dóma.

Reykjavík, 18. maí 2015

---

Skúli Magnússon formaður